



Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2018-2019

„Mér finnst starfsfólk skólans mjög yndislegt. Þau gera strax eitthvað í málunum ef þau vita af einhverjum sem líður illa. Mér finnst einnig gaman að gangaverðirnir segja góðan dag við okkur á hverjum morgni.“

Úr nemendakönnun Skólapúlsins í apríl 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	4
Sjálfsmatsteymið	4
Gagnaöflun 2018-2019	4
Starfsmannasamtöl	5
Skólapúlskannanir	5
Nemendakönnun	5
Foreldrakönnun	7
Úrvinnsla gagna	8
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020	9
Sjálfsmat skólaárið 2019-2020	11
Þriggja ára áætlun – drög	11
Lokaorð	13

Inngangur

Skýrslunni sem hér fer á eftir er ætlað að gera grein fyrir innra mati Grunnskólans í Þorlákshöfn skólaárið 2018-2019. Skipulag innra mats byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008)

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir sem kallast innra mat eða sjálfsmat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Ytra mat fór fram í nóvember 2018 á vegum Menntamálastofnunnar en matið er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Matinu er ætlað að vera í senn leiðbeinandi og framfaramiðað. Sérstaklega var hugað að því sem er framúrskarandi gott og öðrum til eftirbreytni en einnig var matið umbótamiðað og hugsað til að styrkja skólastarfið. Fjórir efnisþættir voru skoðaðir í ytra matinu, einn þeirra er hvernig staðið er að innra mati skólans. Í ljós kom að breyta þarf innra mati skólans til þess að það standist lög og þjóni tilgangi sínum. (Sjá Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats 2019).

Samkvæmt grunnskólalögum er það hvers skóla að velja þær aðferðir sem notaðar eru við innra mat en matið þarf að lúta að eftirfarandi viðmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra mat þarf að vera kerfisbundið, markmiðsbundið, samstarfsmiðað, samofið öllu skólastarfi, byggt á traustum gögnum, greinandi og umbótamiðað.

Í þessari skýrslu er lýsing á því mati sem fór fram skólaárið 2018-2019. Í skýrslunni er farið yfir markmið matsins, niðurstöður og hvernig unnið var með þær upplýsingar sem aflað var. Einnig verður gerð grein fyrir nauðsynlegum umbótum á skipulagi innra mats samkvæmt niðurstöðum ytra mats. Niðurstöðum kannana og samtala verða gerð skil í þessari skýrslu. Að lokum verða birt drög að þriggja ára áætlun sjálfmats skólans.

Markmið

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Markmiðið með sjálfsmatinu er að skoða þær upplýsingar sem koma frá ólíkum hópum skólasamfélagsins, rýna í þær með umbætur í huga. Skoða hvað er gert vel og hvað þarf að bæta. Eftirfarandi spurningar eru gagnlegar í vinnu við sjálfsmat:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Sjálfsmatsteymið

Skólaárið 2018-2019 sátu eftirfarandi starfsmenn skólans í sjálfsmatsteymi: Ásta Kristín Ástráðsdóttir umsjónarkennari í 5. bekk, Sigprúður Harðardóttir dönsku- og íslenskukennari á unglingastigi, Unnur Malmquist umsjónarkennari í 3. bekk, Rán Gísladóttir bókavörður á skólabókasafni og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri, sem stýrði vinnu teymisins. Teymið fundaði þrisvar sinnum yfir skólaárið, auk þess hittust meðlimir þess til að undirbúa úrvinnslu á niðurstöðum kannana.

Gagnaöflun 2018-2019

Á skólaárinu voru eftirtaldar kannanir lagðar fyrir í vefkerfinu Skólapúlsinn. Nemendakönnun var lögð fyrir tvisvar sinnum á skólaárinu, í október 2018 var svarhlutfall 87,3%. Seinni könnunin var lögð fyrir í apríl 2019, þá var svarhlutfall 79,8%. Úrtak nemenda í 6.-10. bekk svaraði spurningum sem snúa að námi, líðan, heilsu og heilbrigði. Úrtak foreldra svaraði könnun í apríl og var svarhlutfall 85,2%. Í starfsmannasamtölum var m.a. rætt um starfsanda,

samskipti á vinnustað, náms- og starfsþróun ásamt framtíðarsýn. Að þessu sinni voru tvö samtöl skipulögð þar sem rædd voru afmörkuð efnisatriði. Samtölin fóru fram á tímabilinu febrúar – maí 2019.

Starfsmannasamtöl

Í janúar og mars tóku skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu starfsmannasamtöl við allt starfsfólk skólans. Skólastjóri ræddi við flesta starfsmenn eða 27, aðstoðarskólastjóri ræddi við 15 starfsmenn og deildarstjóri við 9. Boðað var í viðtal með nokkurra daga fyrirvara í gegnum tölvupóst og einnig sendar nokkrar spurningar sem notaðar voru til grundavallar samtalinu. Spurt var um fjölmarga þætti sem koma að vinnustaðnum og starfinu í skólanum. Meðal annars var rætt um líðan á vinnustað, vinnustaðameningu, skólastarfið í vetur, upplýsingaflæði, álag í starfi, stuðning í starfi, næsta skólaár, endurmenntun, ábendingar um það sem betur má fara og ýmislegt fleira. Skólastjórnendur tóku niður punkta í þessum viðtölum og ræddu sín á milli um það sem kom fram. Skipulag næsta skólaárs grundvallast að miklu leyti á þeim upplýsingum sem komu fram í þessum viðtölum. Sem dæmi þá voru allir starfsmenn ánægðir með Vikupóstinn sem stjórnendur senda frá sér á föstudögum. Talsvert bar á að starfsfólk ræddi umtal og baktal í starfsmannahópnum. Einnig nefndu nokkrir að hópaskipting væri til staðar á vinnustaðnum. Flestir nefndu að þeim liði vel í vinnunni þó vinnuálag sé stundum mikið og þá sérstaklega tengt nemendum sem glíma við áskoranir í framkomu og námi. Nokkrir starfsmenn nefndu að Bjarg og tilkoma viðbragðsteymis væri gott úrræði sem hefði jákvæð áhrif á skólabraginn. Bjarg er nýtt úrræði fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi og hegðun og viðbragðsteymið er ætlað til þess að bregðast við ofbeldisfullri hegðun nemenda.

Skólapúlaskannanir

Nemendakönnun

Eins og fyrr segir var nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur í 6. -10. bekk í tvennu lagi í október 2018 og apríl 2019. Könnunin skiptist í þrjú meginþætti, í fyrsta lagi var spurt um virkni nemenda í skólanum, í öðru lagi líðan og heilsu og í þriðja lagi skóla- og bekkjaranda. Langflestir grunnskólar á Íslandi leggja nemendakönnun Skólapúlsins fyrir og geta skólar því borið sínar niðurstöður saman við niðurstöður sambærilegra skóla á landsvísu þar sem fundið er út ákveðið meðaltal.

Fyrsti hlutinn snýr að virkni nemenda í skólanum, í öðrum hluta er spurt um líðan og heilsu nemenda og í þriðja og síðasta hluta könnunarinnar er spurt út í þætti sem snúa að skóla- og bekkjaranda s.s. samsömun við nemendahópinn, samband nemenda og kennara, aga í tímum, virka þátttöku nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu.

Hér eru niðurstöður dregnar fram sem víkja frá meðaltali á landsvísu eða eru marktækt frábrugðnar svörum viðmiðunarhóps. Einnig er gerð grein fyrir þeim þáttum sem koma út líkt og landsmeðaltal. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Það sem vel er gert að mati nemenda í 6.-10. bekk eða könnunin sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- *Ánægja af náttúrufræði* fær einkunnina 5,5 en landsmeðaltal er 4,8 og er niðurstaðan marktækt betri en viðmiðunarhópsins.
- *Trú á eigin námsgetu* fær einkunnina 5,1 en landsmeðaltal er 4,8 en niðurstaðan er eigi að síður marktækt betri en viðmiðunarhópsins.
- *Samband nemenda við kennara* fær einkunnina 5,6 en landsmeðaltal er 5,0 og er niðurstaðan marktækt betri en viðmiðunarhópsins.
- *Virk þátttaka nemenda í tímum* fær einkunnina 5,7 en landsmeðaltal er 5,1 og er niðurstaðan marktækt betri en viðmiðunarhópsins.
- *Mikilvægi heimavinnu í námi* fær einkunnina 5,3 en landsmeðaltal er 4,8 og er niðurstaðan marktækt betri en viðmiðunarhópsins.

Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali:

- *Hlutfall hreyfingar tvisvar sinnum í viku eða oftár* á meðal nemenda er 37,2% en 44,5% á landsvísu
- *Hollt mataræði* fær einkunnina 4,3 en landsmeðaltal er 4,8 og er niðurstaðan marktækt lakari en viðmiðunarhópsins.

Þeir þættir könnunarinnar sem komu út svo til á pari við landsmeðaltal voru:

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan og samsömun við nemendur. Liðurinn *einelti* fær

einkunnina 5,4 í skólanum en er með landsmeðaltalið 5,3. *Tíðni eineltis* mælist 12,8% í skólanum en landsmeðaltal mælist 12,2% .

Auk staðlaðra spurninga eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir gott við skólann sinn og hvað mætti betur fara. Skólastjórnendur fóru yfir opin svör nemenda og brugðust við því sem þurfti að bregðast við. Margir nemendur nýta þetta tækifæri og koma skoðunum sínum á framfæri. Fram koma bæði jákvæðar og neikvæðar athugasemdir um skólann. Bentu margir nemendur á að í skólanum ríkti góður andi, starfsmenn vingjarnlegir og að kennarar bæru hag nemenda fyrir brjósti. Einnig nefndu margir að allir væru vinir og aðstaða góð.

Foreldrakönnun

Eins og fram hefur komið var foreldrakönnunin lögð fyrir í mars 2019. Svarhlutfall var 85,2%. Niðurstöður eru ýmist birtar í prósentutölum eða stigum. Stigin eru meðaltöl mæligilda á bilinu 0-10 og prósentutölurnar eru hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Skólinn er borinn saman við skóla af sambærilegri stærð og aldurssamsetningu. Þau viðmið gefa vísbendingu um að eftirtalin atriði geti talist til sterkra hliða skólans samkvæmt könnuninni:

- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra mælist 86,1% en 78,2% í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur.
- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er 0,6 og telst marktækur munur.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans mælist 99,0% og er betri en í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 8,4% og telst marktækur.
- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er meiri en í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 0,4 og telst marktækur.
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda mælist 96,0% en 87,5% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 8,5% og telst marktækur.
- Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt mælist 97,1% en 91,0% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 6,1% og telst marktækur.

- Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum mælist 24,7% meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur.
- Ánægja foreldra með aðstöðuna í skólanum er meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er 1,2 og telst marktækur munur.
- Ánægja foreldra með frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi er meiri en í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 0,8 og telst marktækur.
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur mælast 16,9% meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur.
- Ánægja foreldra með að leitað er eftir tillögum frá þeim og ábendingar teknar til greina er 13,8% meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur.
- Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist 91% en 80% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 11% og er talinn marktækur.
- Hlutfall foreldra sem lýsa sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá er 87,3% en 72,8% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er 14,5% og telst marktækur.

Fyrirgreind viðmið gefa vísbendingu um að eftirtalin atriði geti talist til veikra hliða skólans samkvæmt könnuninni eða það sem foreldrum þykir að betur megi fara:

- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti skólans mælist 67,4% en 80% í sambærilegum skólum. Mismunurinn er -12,7% og telst marktækur.
- Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemendum er 9,1% minni en í sambærilegum skólum. Mismunurinn er marktækur.

Í opnu spurningunum komu fram ábendingar og athugasemdir, jákvæðar og neikvæðar. Flestar jákvæðar ábendingar eru um ánægju foreldra með skólann almennt eða afmarkaða þætti en þær neikvæðu varða helst hádegismatinn. Í kjölfar foreldrakönnunarinnar funduðu skólastjórnendur með matreiðslumanni skólamötuneytis, skoðuðu athugasemdir og unnu áætlun að umbótum.

Úrvinnsla gagna

Niðurstöður nemendakannanna og foreldrakönnunar voru kynntar starfsmönnum á fundum. Stjórnendur fóru yfir niðurstöður og skoðuðu hvort nauðsynlegt væri að bregðast við niðurstöðum strax. Samandregnar niðurstöður voru sendar foreldrum í tölvupósti. Niðurstöðurnar voru jafnframt kynntar í fræðslunefnd og á skólaráðsfundi sem var opinn

foreldrum. Sjálfsmatsnefnd skipulagði matsdag starfsmanna þann 11. júní 2019 þar sem úrvinnsla fór fram.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020

Hvað á að gera og hvernig?	Hvenær	Ábyrgð	Mat á umbótum
Sjálfsmatsteymið setji fram þriggja ára áætlun um innra mat og byggi matsþætti á stefnu skólans, markmiðum og viðfangsefnum. Tilgreina leiðir, verkefni, verkferla og áætlanir. Endurskoða reglulega aðferðir við innra mat og tryggja aðkomu hagsmunaaðila að framkvæmd þess. (YM)	Skólaárið 2019-2020	Sjálfsmatsteymið	Lokið /ólokið
Setja fram viðmið um árangur sem stefnt skuli að í skólastarfinu. Byggja skal á niðurstöðum kannanna t.d. Skólapúlsins, samræmdra prófa og skimana þegar sett eru fram markmið um viðmið. Mikilvægt að skoða reglulega hvaða markmið hafa náðst og hvað gert skuli til þess að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst. (YM)	Skólaárið 2019-2020	Sjálfsmatsteymið	Lokið /ólokið
Reglulegt mat á kennslu fari fram að hálfu skólastjórnenda. Mikilvægt að matið verði formlegt og skipulagt. Jafningjamat og handleiðsla sett á dagskrá. (YM)	Skólaárið 2019-2020	Skólastjórnendur	Kennarar og skólastjórnendur leggja mat á hvernig til tókst

Auka faglegt samstarf þeirra sem sinna kennslu og samtali milli aldurstiga. Efla samstarf á milli vinabekkja eða árganga. Mikilvægt að skipuleggja samstarfið með góðum fyrirvara.	Skólaárið 2019-2020	Skólastjórnendur, tengiliðir stiga og kennarar.	Kennarar og skólastjórnendur leggja mat á hvernig til tókst
Fræðsla fyrir nemendur og foreldra um samskipti og fjölbreytileika verði komið fyrir í forvarnaráætlun skólans í þeim tilgangi að efla umburðarlyndi, umhyggju og samvinnu foreldra. Ákveða verkefni t.d. í 2., 5. og 8. bekk varðandi aðkallandi mál.	Skólaárið 2019-2020	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Lokið /ólokið
Umsjónarkennari eigi einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem áhersla er á líðan og samskipti.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar í samvinnu við skólastjórnendur.	Lokið /ólokið
Bæta gæslu í búningsklefum í íþróttahúsi og sundlaug. Stjórnendur skóla og íþróttahúss finni út leið til þess.	Skólaárið 2019-2020	Skólastjórnendur	
Skólinn hafi frumkvæði að hvatningu um heilbriggt lífverni í samfélaginu. Leggja áherslu á fræðslu um hreyfingu, svefn og hollt mataræði fyrir alla í samfélaginu. Liður í því er að frístundastyrkur sveitarfélagsins verði kynntur fyrir nýjum foreldrum og fá íþróttafélög til þess að kynna sitt starf.	Skólaárið 2019-2020	Skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur	

Sjálfsmat skólaárið 2019-2020

Á skólaárinu 2019-2020 verður áfram unnið að því að meta skólastarfið og upplýsinga aflað meðal annars með könnunum. Nemendakannanir Skólapúlsins verða lagðar fyrir nemendur í 6.-10. bekk, auk þess verður könnun lögð fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Starfsmannakönnun Skólapúlsins verður lögð fyrir á vorönn. Leitast verður við að fá fram viðhorf foreldra til starfsins á fundum, með samtölum og í samstarfi við Foreldrafélag skólans. Þrjú til fjögur starfsmannasamtöl skólastjórnenda við starfsmenn verða á skólaárinu en á síðasta skólaári var gerð tilraun með að hafa fleiri stutt samtöl frekar en eitt langt. Sú breyting mæltist vel fyrir. Jafnframt verður unnið að umbótum á innra mati skólans í takt við niðurstöður ytra mats svo matið standist lög og reglugerðir. Samkvæmt ytra mati þarf að setja fram þriggja ára áætlun um innra mat og byggja matsþætti á stefnu skólans, markmiðum og viðfangsefnum. Framkvæma þarf reglulegt mat og endurgjöf á kennslu í vettvangsheimsóknnum og starfsmannasamtölum og nýta þau gögn í áætlun um innra mat. Setja þarf viðmið um árangur sem stefnt er að í umbótaáætlun. Setja fram umbótaáætlun sem byggir niðurstöður á ytra mati, samræmdum prófum, skimunum og umbótaáætlun í tengslum við innra mat. Tryggja þarf að umbótaáætlun byggi á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Skoða þarf reglulega hvaða markmið hafa náðst og hvað á að gera til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst. Kynna þarf niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir hagsmunaaðilum og tryggja að fram fari umræða um þróun og úrbætur. Hér fyrir neðan eru fyrstu drög að þriggja ára áætlun um innra mat en eftir er að byggja matsþætti á stefnu skólans, markmiðum og viðfangsefnum.

Þriggja ára áætlun – drög

Tímabil vinnunnar	Viðfangsefni
Haust 2019	<ul style="list-style-type: none">• Unnið að umbótum skv. áætlun• Nemendakönnun, Skólapúlsinn (okt.)• Niðurstöður samræmdra prófa 4. og 7. bekkja (nóvember)

Vor 2020	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að umbótum skv. áætlun • Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) • Niðurstöður samræmdra prófa 9. bekkja (apríl) • Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) • Sjálfsmatsskýrsla – teymið (maí)
Haust 2020	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að umbótum skv. áætlun • Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október) • Niðurstöður samræmdra prófa 4. og 7. bekkja (nóvember)
Vor 2021	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að umbótum skv. áætlun • Foreldrakönnun, Skólapúlsinn • Niðurstöður samræmdra prófa 9. bekkja (apríl) • Nemendakönnun, Skólapúlsinn • Sjálfsmatsskýrsla – teymið (maí)
Haust 2021	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að umbótum skv. áætlun • Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október) • Niðurstöður samræmdra prófa 4. og 7. bekkja (nóvember)
Vorönn 2022	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að umbótum skv. áætlun • Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) • Niðurstöður samræmdra prófa 9. bekkja (apríl) • Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) • Sjálfsmatsskýrsla - teymið

Lokaorð

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er leitast við að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats/innra mats með því að útbúa skýrslu um matið og áætlun um umbætur. Tilgangur mats og umbóta er að þróa öflugt skólastarf til hagsbóta fyrir nemendur. Miðað við þær upplýsingar sem koma út úr matinu gengur skólastarfið vel í stórum dráttum þótt hægt sé að gera betur. Metnaður er greinilegur í hópi starfsmanna skólans, foreldra og nemenda. Skólasamfélagið í Þorlákshöfn byggir á öflugu fagfólki, foreldrum sem hafa trú á skólastarfinu og síðast en ekki síst fjölbreyttum og frábærum nemendahópi. Sveitafélagið Ölfus hefur ávallt sýnt metnað við rekstur og uppbyggingu skólastarfs og leggur mikið upp úr góðum aðbúnaði skólans. Það endurspeglast í því að nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með aðbúnaðinn.